

# Hestamannafélagið Skuggi

## Aðalfundur Hmf. Skugga 4.12.2014

Í upphafi fundar eru 41 félagar mættir.

### Fundargerð

Formaður, Stefán Logi Haraldsson setti fund kl. 20:10 og bauð fundarmenn velkomna. Fór hann yfir fyrirliggjandi dagskrá og var því næst gengið til dagskrár.

Formaður bar upp tillögu um Inga Tryggvason sem fundarstjóra og Kristján Gíslason sem fundarritara, var tillagan samþykkt samhljóða og tók Ingi Tryggvason að því búnu við stjórn fundarins.

#### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður félagsins fór ítarlega yfir starfsemi hmf. Skugga á liðnu starfsári í skýrslu stjórnar. (Sjá skýrslu hér að neðan).

**“Stjórn félagsins sem kosin var á síðasta aðalfundi Skugga, þann 13. janúar 2014, hefur verið þannig skipuð:**

Stefán Logi Haraldsson, form., Reynir Magnússon, varaform., Kristján Þ. Gíslason, ritari, Arnar Már Gíslason, gjaldkeri og Sigurþór Óskar Ágústsson, meðstj.

Varastjórn hafa skipað þau: Sigríður Jóna Sigurðardóttir og Birgir Andrésón og hafa þau einnig verið boðuð til allra funda stjórnar.

Nýkjörin stjórn hóf starf sitt á að fara yfir þær áherslur sem starfið framundan þyrftu að hafa og var byrjað á því að skipta nefndum félagsins niður á ábyrgðarsvið stjórnarmanna með það í huga að hver stjórnarmaður bæri ábyrgð á að starf viðkomandi nefnda væri virkjað og vera um leið tengiliður stjórnar við þá nefnd. Þetta á að vera til að dreifa starfinu í stjórninni og reyna að tengja betur við nefndir, en þetta kerfi höfum við viðhaft um nokkurra ára skeið og gefist vel. Þarna hefðum við í stjórninni þó þurft að gera ögn betur, þar sem starfsemi nefnda var mismikil á þessu starfsári og sumar nefndir félagsins hafa lítið látið til sín taka. Er það helsta áskorun okkar fyrir næsta starfsár að gera þarna betur og virkja fleiri félaga til starfa. Það ber þó að taka fram að nokkrar nefndir hafa verið vel virkar og starfsemin á árinu var þar af leiðandi í meðallagi góð og árangursrík, en að þeirri starfsemi verður frekar vikið hér á eftir.

Stjórnin hefur á starfsárinu haldið 6 bókaða stjórnarfundum, auk allmargra óformlegra funda stjórnarmanna með nefndum félagsins, stjórnnum annarra hestamannafélaga á Vesturlandi, starfsmönnum sveitarfélagsins og fleiri aðilum er tengjast starfseminni. Þá hefur undirritaður sótt formannafundi hjá UMSB og LH, sambandsþing UMSB og landsþing LH, ásamt fleiri félögum í Skugga. Þá var ég fulltrúi félagsins á aðalfundum í hlutafélagunum Reiðhöllin Vindás ehf. og Selás ehf.

Til að koma upplýsingum um viðburði og starfseminu til félagsmanna hefur sem áður að mestu verið notast við heimasíðu félagsins, fésbókarsíðu félagsins (í umsjón unglínganna okkar) og með fjölpósti á netfangalista félagsins.

Heimasíðan okkar er sem fyrr mjög þýðingamikill miðill til að hafa samskipti við félagsmenn og aðra sem vilja fylgjast með starfi okkar og hefur Kristján Gíslason séð alfarið um það upplýsingaflæði. Ég vil sem fyrr hvetja alla félagsmenn til að skoða heimasíðuna okkar reglulega og láta gjarnan í sér heyra þegar einhverju þarf að koma til skila, sem erindi á til félaganna og annarra hestaáhugamanna.

Mótahald á vegum félagsins var sem fyrr mjög blómlegt á árinu og stóð mótanefnd okkar fyrir Gæðingamóti, Íþróttamóti og firmakeppni, ásamt úrtöku fyrir landsmótið sem haldið var á Hellu í sumar, en sú úrtaka var sameiginleg hjá öllum hestamannafélögunum hér á Vesturlandi og unnu öll félögin sameiginlega að henni. Gæðingamótið og Íþróttamótið voru síðan haldin í samstarfi við Hmf. Faxe og eins var með KB mótariðina, en þar voru haldin þrjú mót í samstarfi félaganna. Kaupfélag Borgfirðinga var áfram styrktaraðili mótaraðarinnar og styrkti það að vanda með mjög myndarlegum hætti. Hagnaður varð af öllu mótahaldinu þetta starfsárið, svo sem fram kemur í reikningum okkar, en hagnaður af KB mótariðinni rann óskipt til rekstrarfélags reiðhallarinnar, Selás ehf.

Þá var haldið kvennatölt í reiðhöllinni í apríl, fyrir tilstuðlan framtaksamra aðila og tókst það með miklum ágætum.

Fjórðungsmótið á Kaldármelum 2013 var ekki að fullu uppgert fyrr en seint á þessu ári og varð niðurstaðan því miður sú að töluvert tap varð á því móti, m.a. vegna óheppilegs veðurs á mótstímanum, en okkar hlutur í því tapi var um 77 þúsund krónur.

Æskulýðsnefndin stóð fyrir mjög öflugum og fjölbreyttu starfi, að vanda og var snemma á starfsárinu haldinn kynningarfundur með þátttakendum og aðstandendum þeirra. Í félaginu eru á milli 40 og 50 börn, unglíngar og ungmenni, sem sækja það starf sem í boði er hjá félaginu og hlýtur það nú að teljast nokkuð gott hlutfall af heildarfélagafjölda. Nefndin hafði sem fyrr veg og vanda af framkvæmd og skipulagi við knapamerkin og var á starfsárinu kennt knapamerki 1,2,3 og 5 og var þátttaka okkar félaga afar góð. Voru sjö nemendur í knapamerki 1, þrír nemendur í knapamerki 2, fjórir nemendur í knapamerki 3 og 11 nemendur í knapamerki 5, sem allir útskrifuðust í vor, en þetta voru fyrstu útskriftarnemarnir hjá okkur í knapamerki 5 og hefur víst ekki áður útskrifast svo stór hópur hjá neinu félagi á landinu. Allur hópurinn náði lokaútskriftinni með glæsibrag og voru þarna á meðal hæstu einkunnir sem náðst hafa yfir landið. Reiðkennari í öllum knapamerkjanámskeiðunum var Heiða Dís Fjeldsted og á hún skilið verulegt hrós og aðdáun fyrir frábæra frammistöðu sína og árangur.

Krakkarnir okkar tóku þátt í Vesturlandssýningunni, sem haldin var í reiðhöllinni í lok mars og þá var æskulýðsnefndin með í boði almennt reiðnámskeið, fyrir vana (börn, unglíngar og ungmenni) og eins reiðnámskeið fyrir byrjendur og lítið vana (þátttakendur þar voru á aldrinum 3-8 ára).

Þá stóð Æskulýðsnefndin fyrir skemmtilegri nýjung með því að halda glæsilegan Æskulýðsdag Skugga, þann 01. júní s.l., sem heppnaðist frábærlega og var aðstandendum og þátttakendum til mikils sóma. Upphaflega var dagurinn hugsaður sem Æskulýðsdagur Vesturlands og voru öll félögin áhugasöm að halda slíkan dag, en þegar á hólminn var komið þá bökkudu hin félögin öll út og Skuggi stóð þar með eitt að þessum glæsilega degi, sem vonandi getur orðið árlegur viðburður og þá jafnvel með þátttöku hinna félaganna á Vesturlandi líka. Sigrún Katrín Halldórsdóttir var nefndinni til fulltingis í þessum viðburði og sá um skipulagningu og þjálfun að mestu leyti. Frábært starf Sigrúnar er hér með þakkað.

Landsmót LH var haldið á Hellu í sumar, eins og allir vita, en þar tóku þátt þrjú keppendur frá Skugga í hverjum af þessum þremur flokkum barna-, unglinga- og ungmenna. Stóðu krakkarnir sig öll vel á landsmótinu og komst einn keppandi í barnaflokki (Berghildur Björk Reynisdóttir) áfram í milliriðil og einn keppandi í unglingsflokki komst síðan áfram í B-úrslit (Atli Steinar Ingason).

Nánar verður væntanlega fjallað um starfsemi Æskulýðsnefndar í skýrslu nefndarinnar hér á eftir, en nefndin hefur unnið upp mjög vandaða og skemmtilega ársskýrslu og sent inn til Æskulýðsnefndar LH.

Samstarf átti að vera á starfsárinu með Æskulýðsnefndum Faxa og Skugga, en það verður nú að segjast eins og er að fulltrúar Faxa tóku lítinn þátt í starfinu að þessu sinni og lítil þátttaka varð frá þeirra börnum og unglingum, í starfinu. Vonandi eru þetta bara smá byrjunarörðugleikar hjá okkur, en það er klárlega vilji beggja félaganna að samstarfið verði aukið, til hagsbóta fyrir alla unga hestamenn í Borgarfirðinum.

Beitarmálin hjá okkur í Skugga hafa verið með svipuðu sniði og undanfarin ár en ásókn í hagabeit var þó heldur minni í ár, en undanfarin ár. 266 hross voru skráð í sumarbeit (voru 290 í fyrra), 78 hross voru skráð í haustbeit (voru 75 í fyrra) og 78 hross voru skráð í heilsársbeit (voru 75 í fyrra). Beitarnefndin sá um úthlutun beitarhólfanna og umsjón með þeim, sem fyrr og gekk það vel fyrir sig og vandamálalaut að útvega beit fyrir þau hross sem sótt var um fyrir.

Beitarnefndin hefur það hlutverk að sjá um að framfylgja leigusamningum okkar við Borgarbyggð og Holtlandið og uppfylla þau ákvæði sem þar er að finna, svo sem smölun á haustin o.þ.h. Ennþá er staðan þannig með þennan beitarsamning að hluti af því svæði sem okkur var úthlutað í samningnum 2008 er ekki ennþá til afnota fyrir okkur, en eitthvað hefur þó þokast í að sveitafélagið sé að vinna í að ganga eftir að þessar landnema-spildur verði innleystar, eða að minnsta kosti komist til botns í því hvort sveitafélagið hefur yfir þeim að ráða, eða landnemarnir sjálfir sem nýtt hafa þessi svæði.

Beitarsamningurinn við Borgarbyggð er í raun löngu runninn út en í honum er framlengingarákvæði um eitt ár til viðbótar, ef ekki er sagt upp fyrir mitt árið og þar sem sveitafélagið hefur ekki staðið rétt að uppsögn hingað til þá er samningurinn í gildi út næsta ár, að minnsta kosti. Drög að nýjum samningi hafa verið að velkjast aðeins um í stjórnkerfinu og eftir samtal mitt við sveitastjóra nú í vikunni þá er von til þess að gengið verði fram í því að koma þessum málum okkar á fastari grunn. Það er alveg ljóst að Hmf. Skuggi hefur áhuga á að ganga til samninga um nýjan beitarsamning við sveitafélagið og þarf sá samningur að vera á svipuðum nótum og núverandi samningur - vonandi reynist skilningur fyrir því hjá sveitafélaginu, að það sé hagur beggja.

Reiðveganefnd var að vanda vel á verði gagnvart fjárframlögum til reiðvegagerðar og öfluðu um 1,3 millj. króna til reiðvegagerðar og framkvæmdu nánast fyrir alla þá upphæð. Starf reiðveganefndar er öflugt og menn þar stöðugt á varðbergi, en þar hafa menn ávallt reynt að huga að nýjum reiðvegum og eins að viðhalda þeim reiðvegum sem fyrir eru á okkar forræði, Skugga-manna. Mikið starf er þó að sjálfsgöðu ennþá framundan í reiðvegagerð út frá félagssvæði okkar og í næsta nágrenni okkar. Skýrsla nefndarinnar verður flutt hér síðar á fundinum og vísa ég því til hennar með nánari greiningu á starfsemi nefndarinnar á starfsárinu.

Umhverfisnefnd félagsins hafði vakandi augu fyrir umhverfismálunum í hverfinu og var farið í hefðbundna tiltekt og reynt að ýta við félagsmönnum um bættu umgengni. Umhverfis- og umgengismálin ættu að vera okkur ofarlega í huga bæði í hesthúsahverfinu og eins á vallarsvæðinu, á reiðgötunum, á áningastöðunum og í reiðhöllinni okkar. Við viljum ekki fá einhvern sóðastimpil á okkur

hestamenn, er það nokkuð? Það er orðið staðreynd að samkvæmt samþykkt um hesthús og umgengni í hesthúshverfinu í Borgarnesi, sem samþykkt hefur verið af sveitastjórn og Umhverfisstjórnuneyti, er komið að því að öll hesthús í hverfinu okkar eiga að vera með lokaðar taðþrær og þurfa eigendur viðkomandi hesthúsa, sem ekki uppfylla þetta ákvæði, að koma sínum málum í lag og það fyrr en seinna.

Fræðslu- og skemmtinefnd félagsins hafði mikinn hug og lagði línurnar í upphafi starfsársins, til að halda uppi blómlegu starfi í fræðslumálum og skemmtanahaldi, en því miður hefur ekki auðnast að fylgja því eftir á þessu starfsári og boðað hefur verið að árleg uppskeruhátíð félagsins verði ekki fyrir komið fyrr en í janúar á næsta ári.

Kynbótanefnd félagsins hefur undanfarin tvö ár staðið fyrir skemmti- og kynnisferðum til ræktunarbúa í nærliggjandi sýslum, en því miður komst ekki á að koma slíkum viðburði við á starfsárinu, en vonandi getum við haldið þessum skemmtilegu viðburðum áfram á komandi starfsári og eins að við getum tekið á móti öðrum félögum og kynnt þeim kynbótastarf okkar félagsmanna.

Ferðanefnd Skugga stóð að vanda að fjöruferð í Rauðanesfjörur, um páskana og síðan var síðsumarferðin farin í Löngufjörur í lok júlí s.l., en þátttaka í henni var því miður ekki í samræmi við væntingar og þarf virkilega að fara að huga að því hvernig félagsmenn vilja viðhalda þessu skemmtilega starfi, að félagsmenn ferðist saman, á vegum félagsins. Tímasetning sumarferða þarfnast nánari skoðunar.

Firmanefnd var öflug á þessu ári og toppaði árangur fyrra árs, í söfnun firmaáheita. Hlutverk nefndarinnar hefur hingað til einungis snúist um að safna áheitum fyrir firmamótið okkar, en mótanefnd hefur síðan séð um framkvæmd sjálfrar firmakeppinnar og kaffinefnd um sölu veitinga í félagsheimilinu. Skiptar skoðanir hafa verið undanfarið um hvort firmanefndin eigi alveg að sjá um þessa firmakeppni og þar með mótið sjálf, en bent hefur verið á að þarna sé um óformlegt mót að ræða og vel hægt að hugsa sér að gera eitthvað óhefðbundið og skemmtilegt á þessum degi, til að brjóta upp vanann og hefðirnar. Vert er að skoða allar svona hugmyndir og rétt að benda Firmanefnd og Mótanefnd á að ræða þessi mál betur og jafnvel að taka Fræðslu- og skemmtinefnd með í þá umræðu og vonandi koma með sameiginlega lausn á einhverjum viðburðarmeiri degi.

Húsnefnd félagsheimilis hefur átt nokkra fundi á starfsárinu og framundan eru miklar framkvæmdir og breytingar á félagsheimilinu sem ánægjulegt er að kynna hér. Áform nefndarinnar er að eldhúsið verði tekið í gegn og endurnýjað, núverandi plássi í eldhúsi verði skipt í tvennt og helmingur þess verði endurnýjaður með nýrri eldhúsinnréttingu og nýjum tækjum sem sinnt geti betur þeim kröfum sem menn geta gert til slíkrar aðstöðu. Nýtt eldhús á að nýtast betur og auka möguleika okkar á að leigja húsið út fyrir hina ýmsu viðburði, auk þess sem það mun nýtast okkur betur í okkar starfsemi hjá félaginu. Hinn hluti eldhússins verður síðan að ágætri skrifstofuaðstöðu fyrir starfsemina þar sem nefndir og stjórn ættu að geta fundað og pláss ætti að vera fyrir gögn og búnað sem félagsstarfið okkar þarfnast. Þá er hugmyndin að breyta klósettunum og breikka ganginn, en núverandi klósettaðstaða er ekki að uppfylla þær kröfur sem gera þarf í svona húsnæði, má þar nefna að klósett fyrir fatlaða verður útbúið samkvæmt kröfum þar um. Framtíðarplanið er síðan að loka núverandi útidyrum á langhlið, sem er aðkoman frá götunni (sem mér persónulega hefur fundist hættuleg og óaðlaðandi), en í staðinn verði opnaðar dyr í átt að vellinum (austan við) og þar verði hægt að hafa skemmtilegan pall, sem eflaust mun nýtast á skemmtilegan hátt ef af verður. Frekari frágangur utanhúss og lagfæring og málningarvinna er síðan næstu skref, eftir breytingarnar innanhúss. Kristín Erla Guðmundsdóttir hefur séð um útleigu og umsjón félagsheimilisins (Didda húsvörður) og eiga allir sem óska eftir afnotum af félagsheimilinu að hafa samband við hana um þau mál.

Það er ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir munu kosta mikla peninga og gróf kostnaðaráætlun fyrir þennan fyrsta áfanga endurbóta og breytinga hljóðar uppá um 3,3 millj. króna. Félagið er þokkalega vel stætt nú og er það mat stjórnar að þessar framkvæmdir séu vel viðráðanlegar, en til að hjálpa uppá fjármögnunina þá hefur stjórnin í samráði við Rafmagnsnefnd áform uppi um að rafmagnssjóðurinn styrki þessa fjármögnun að einhverju leyti og vonum við að félagsmenn séu sáttir við þá ráðstöfun, þar sem þeir fjármunir sem eru til staðar í rafmagnssjóði eru þá að nýtast til uppbyggingar á svæðinu og fyrir félagið í heild. Búið er að panta eldhúsinnréttingu og fjárfesta í uppþvottavél og öflugum bakarofni fyrir stóreldhús, en reyndar duttum við þar í lukkupottinn því gæðakokkurinn okkar hann Magnús í Kræsingum gaf okkur öflugan ofn sem honum hafði áskotnast og þurftum við einungis að eyða smáupphæð í að láta rafvirkja yfirfara hann og gera við smáræði. Ber að þakka Magnúsi og Völu sérstaklega fyrir þetta rausnarlega framlag þeirra og geri ég það hér með, en verðmæti svona tækis er líklega í kringum 600-800 þúsund krónur, í dag.

Kaffinefnd félagsins skilaði góðu starfi í sumar og verulega auknum tekjum, miðað við fyrri ár. Það eru oft langar vaktir sem nefndarmenn þurfa að standa og undirbúningur gjarnan töluverður fyrir mótsdagana, svo sem við bakstur og eldamennsku. Guðríður Guðjónsdóttir, formaður nefndarinnar og hennar nefndarfélagar og aðrir velunnarar eiga mikið hrós skilið fyrir starfið í sumar.

Rafmagnsnefnd félagsins hefur haft hefðbundinn starfa á árinu, við viðhald endurbætur og nýlagnir í hverfinu og á vallarsvæðinu okkar. Gengið var frá endurnýjun á lýsingu í Vindásnum og er búist við að þær framkvæmdir fáist endurgreiddar af sveitafélaginu á næsta ári, en það voru um 1,4 millj. kr. sem sú framkvæmd kostaði. Næsta verkefni nefndarinnar verður síðan líklega lýsing á reiðleiðinni frá hesthúsahverfinu yfir í reiðhöllina, við enda gamla hringvallarins og í gegnum skógargróðurinn norðan við reiðhöllina. Guðmundur Arason mun væntanlega skýra frá stöðu rafmagnsnefndarinnar hér síðar á fundinum.

Vallarnefndin stóð ekki í neinum stórkostulegum framkvæmdum í ár, eins og tvö undanfarin ár, en nefndarmenn sáu um að halda völlum í góðu standi, valta og sanda o.þ.h. ásamt umhirðu á vallarsvæðinu. Kerruplanið okkar, sem vel má hengja undir ábyrgð vallarnefndarinnar, hefur lengi verið í þörf fyrir einhverjar endurbætur og lagfæringar og í því tilliti var ráðist í að kaupa nokkur malarhlöss og hefur staðið til um tíma að slétta úr þessum malarhaug sem þarna er á planinu og vill svo vel til að á morgun verður ýta mætt á svæðið um miðjan dag og nefndarmenn sjá til þess að þarna verði gerð bragabót á yfirlagi kerrustæðisins. Í því tilefni er nauðsynlegt að allir þeir sem eiga kerrur, vélar og aðra lausamuni á kerruplaninu verði búnir að fjarlægja það um hádegi á morgun í síðasta lagi. Bent er á að menn geta notað planið við reiðhöllina til að geyma tímabundið þessa hluti, en auðvitað verða menn síðan að fjarlægja það þaðan sem allra fyrst aftur, enda kerruplanið þá vonandi komið í gott stand.

Starfsemin í reiðhöllinni FAXABORG var með nokkuð hefðbundnu sniði á starfsárinu og mikil vinna var þar innt af hendi, m.a. af hálfu okkar fulltrúa í rekstrarfélaginu, Ingvari, Bjarna, Svanhildi og Heiðu. Viðburðir voru allmargir, eins og undanfarin ár, svo sem KB Mótariðin, dansleikur síðasta vetrardag, Vesturlandssýningin (sem var sem fyrr í samstarfi allra félaganna á Vesturlandi), kvennatölt í dimblyvikunni og einhverjir fleiri viðburðir sem ég gleymi efalaust. Vesturlandssýningin þótti enn og aftur takast mjög vel og góður rómur gerður af þessum skemmtilega viðburði okkar Vestlendinga. Margt fleira mætti líklega tína til af viðburðum í höllinni og mikil traffík var þar yfirleitt um vetrartímamann – en töluvert rólegra í sumar og haust. Á aðalfundi í Selás ehf., nú í haust urðu breytingar á fulltúum okkar í reiðhallarstjórninni (Selás ehf.) og í stað fyrri nefndarmanna komu inn sem okkar fulltrúar þar, þau

Ámundi Sigurðsson, sem er formaður stjórnarinnar, Reynir Magnússon, Hjálmfríður Jóhannsdóttir og Jón Guðjónsson. Vil ég nota hér tækifærið og þakka þeim Ingvari, Bjarna, Svanhildi og Heiðu, fyrir þeirra störf í reiðhóllarstjórninni undanfarin ár, sem hefur verið mikil og óeigingjörn sjálfböðavinna. Um leið óska ég nýjum fulltrúum okkar velfarnaðar í starfi sínu framundan í reiðhöllinni.

Reiðhöllin Vindási ehf., sem er félagið sem heldur utan um eignarhaldið á reiðhöllinni, er nú búið að greiða upp lán sitt við Arionbanka og er félagið nú orðið skuldlaust eigendum sínum, sem er í raun frábær áfangi, þökk sé samningum í lok árs 2010 við sveitafélagið um aukin hlutafjárframlög í þrjú ár (21 millj. króna) og Arionbanka um niðurfellingu hluta af skuldum félagsins (um 13,4 millj. króna þá). Eins hafa félögin Faxi og Skuggi greitt hvort sín 500 þús., á ári, í hlutafé þessi fjögur ár (2011-2014). Framundan er nú að gera rekstrarsamning við sveitafélagið Borgarbyggð, eins og tíðkast um önnur íþróttamannavirki og svo hafa menn verið að velta fyrir sér áformum um smá framkvæmdir til að klára nokkur ófrágengin atriði við bygginguna, svo sem anddyri, flóttaleið úr sal á efri hæð og loftræstingu í hesthúsi, svo eitthvað sé til talið.

Hmf. Skuggi er aðili að UMSB eins og flestöll önnur íþrótt- og ungmennafélög í héraðinu og á þeim vettvangi höfum við reynt að vera virk. Samningur UMSB við Borgarbyggð kveður á um að styrkveitingar til æskulýðsstarfs og samskipti félaganna við sveitafélagið eigi að fara sem mest í gegnum UMSB, en það hefur nú þó lítið breyst hjá okkur og samskipti okkar við sveitafélagið verið á svipuðum nótum og áður. Nú er þó sótt um starfsstyrk til UMSB og var úthlutun okkar, eftir þeim reglum sem þar voru settar, töluvert hærri í ár en sá styrkur sem við höfum áður sótt beint til sveitafélagsins. Ýmis skilyrði þarf þó í framtíðinni að uppfylla til að eiga möguleika á fullum styrkveitingum, svo sem framvísun tíma á þjálfun og kennslu, mæting á fundi sambandsins og staðfesting um fyrirmyndafélag ÍSÍ. Hafin er vinna við að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir því að teljast fyrirmyndafélag og hefur Kristján Gíslason tekið að sér að leiða þá vinnu. Þá er ljóst að UMSB er búið að taka að sér íþrótt- og tólmstundaskóla sveitafélagsins og þurfum við að velta því fyrir okkur hvort og þá hvernig við í Hmf. Skugga getum tengt okkar barna- og unglingsstarf inn í þann skóla, í framtíðinni.

Landsþing LH var haldið á Selfossi í október s.l., svo sem allri þjóðinni er orðið vel kunnugt um og hlotið hefur mikla umfjöllun og athygli m.a. fjölmiðla, framhaldsþing var síðan haldið í byrjun nóvember í Reykjavík og þar kosinn nýr formaður fyrir samtökin, vestlendingurinn Lárus Ástmar Hannesson og einnig kosin ný og öflug stjórn fyrir LH. Á framhaldsþinginu í Reykjavík var kosið á milli okkar og Fáks um Íslandsmót yngri flokka fyrir árið 2016, sem þessi félög höfðu bæði sótt um, ásamt reyndar Sleipnismönnum sem drógu umsókn sína til baka á þinginu og ætluðu að afhenda það Fáks-mönnum. Niðurstaðan varð sú að Íslandsmót yngri flokka verður haldið í Borgarnesi 2016 og munum við í Hmf. Skugga sjá um framkvæmd þess móts.

Skotæfingasvæði við Bjarnhóla hefur mikið verið í umræðunni nú á undangengnum vikum og hefur sveitafélagið auglýst skipulag og óskað eftir athugasemdum við fyrirætlanir um skotæfingasvæði við Bjarnhóla. Margir félagar hafa haft samband við mig út af þessu máli og vil ég því rekja hér í stuttu máli aðkomu stjórnar Skugga að þessu máli.

Málið var kynnt fyrir stjórn Hmf. Skugga á fundi þann 15. maí s.l. og mætti Jökull Helgason, forstöðumaður framkvæmdasviðs Borgarbyggðar á fund okkar, ásamt tveimur fulltrúum frá Skotfélagi Vesturlands. Stjórn Skugga lýsti andstöðu sinni við fyrirhugað skotsvæði strax í upphafi. - Í fyrsta lagi útfra öryggi hestamanna - þar sem reiðvegur okkar liggur þarna rétt hjá og viðbúið að slyshætta geti skapast af skothvællum.

- Í öðru lagi útfra því að þarna er beitarnland sem félagið hefur samning um hjá Borgarbyggð og fyrirhugað skotsvæði er inni á svæði sem félagar okkar eru að nýta sem beitarnhólf.

- Í þriðja lagi töldum við að staðsetning þessi væri í grundvallaratriðum allt of nálægt félagssvæði okkar hestamanna og eins að þetta væri einnig of nálægt útivistarsvæðinu í Fólkvanginum.

Við vildum hins vegar að það kæmi skýrt fram að stjórn hestamannafélagsins Skugga hefði ekkert á móti starfsemi Skotfélagsins og að við skildum alveg þörf þeirra fyrir aðstöðu til iðkunar á sínu sporti.

Eftir viðræður við Jökul og fulltrúa Skotfélagsins þá vorum við fullvissaðir um að fyrirætlanir Skotfélagsins gengju út á það að svæðið yrði tryggt og vel frá því gengið, þannig að það yrði t.d. vel afgirt frá beitarsvæðum okkar og hljóðmanir ættu að tryggja að hávaðamengun ætti ekki að valda óeðlilegu ónæði í afmarkaðri fjarlægð frá svæðinu. Þá var kynnt að reiðvegur sem nú liggur þarna rétt hjá fyrirhuguðu skotæfingasvæði yrði fluttur, á kostnað sveitafélagsins, þannig að tryggara væri fyrir hestamenn og minni hætta á hávaðamengun, eða óvæntum hljóðum sem líkleg væru til að fæla hross í reiðtúr. Stjórn Skugga féllst þá á að halda ekki uppi andmælum á þessu stigi ferilsins og bíða eftir að sjá endanlegar tillögur og útfærslur á nýjum reiðvegi og skipulagi svæðisins - en áskildum okkur rétt til að gera athugasemdir þegar það lægi fyrir. Endanlegar tillögur hafa ekki verið kynntar stjórn félagsins og því hefur stjórnin ekki gefið neitt samþykki af sinni hálfu fyrir þessari starfsemi, á þessum stað.

Nú er það lykilstaðreynd að hestamannafélagið Skuggi hefur þetta beitarsvæði einungis til leigu, eins og áður segir (ásamt mestöllu beitarsvæði félagsins nú), en sá samningur bíður nú endurnýjunar og hefur sveitafélagið því algjörlega sjálfðæmi í því að undanskilja ákveðin svæði undan beitarsamningi við hestamannafélagið - og vonandi þá útvega annað svæði í staðinn!

Önnur staðreynd er sú að það hefur lengið legið fyrir að nýtt skipulag af Bjarnhólasvæðinu (sorpurðunarsvæði eða eitthvað þvíumlíkt) er í vinnslu og þar hefur verið gert ráð fyrir að því svæði verði alveg lokað fyrir t.d. reiðvegum og því liggi ljóst fyrir að núverandi reiðleið þurfi að endurskipuleggja. Ég tel því ekki að Skuggi eða stjórn þess hafi eitthvert neitunarvald gagnvart sveitafélaginu, í skipulagsmálum sínum, en að sjálfsögðu ber okkur að tryggja öryggi okkar félagsmanna og halda því fram í því ferli sem skipulagsmál sveitafélaga bjóða uppá, jafnt í svona málum sem og öllum öðrum sem snúa að okkar félagsskap. Ég tel að við í stjórn félagsins höfum gert það hingað til og að við munum gera það áfram svo sem best verður. Stjórnin sendi skipulags- og byggingafulltrúa því athugasemdir í þeim anda sem farið var yfir hér á undan fyrir s.l. mánaðarmót.

**Nú hef ég hlaupið yfir það helsta í starfinu hjá okkar í Skugga á liðnu starfsári og reynt að koma sem flestum atriðum að, en væntanlega hefur eitthvað gleymst, sem vert hefði verið að geta um. Starfsemi félagsins hefur verið þónokkuð öflug og góð að mínu mati, þó vissulega megi mikið meira gerast í mörgum málaflokkum okkar. Ég merki yfirleitt samhug og vilja í félagsmönnum þegar rætt er um hin ýmsu verkefni sem vert væri að taka sér fyrir hendur í félaginu, en það skortir þó stundum á að við gefum okkur tíma til að framfylgja því sem menn vilja gjarnan að gert verði. Sjálfboðaliðastarf eins og unnið er í þessu félagi er ekki alltaf sjálfgefið og sjálfsgagt, en það er alveg klárt að í 270 manna félagi þá leynist mikill framtakskraftur, ef félagarnir sjálfir vilja virkja hann. Stjórn félagsins hefur vissulega ákveðnar skyldur til frumkvæðis og að drífa starfið áfram, en mér finnst að allir félagar og kjörnir nefndarmenn þurfi að líta svolítið í sinn barm og spyrja; hvað get ég gert til að koma þessu eða hinu í framkvæmd fyrir þetta ágæta félag? Mér berst stundum til eyrna sögusagnir frá félagsmönnum um að það sé ekkert um að vera og ekkert gert í þessu félagi!!!!!!! Mér hefur þó tekist að skrifa hér átta blaðsíðna skýrslu um starfsemina í félaginu (með nokkuð eðlilegu letri líka) og eins og áður segir efalaust gleymt einhverju. Minnumst þess að „sameinuð stöndum við“ – en sundruð erum við í tómu tjóni!!**

Ég vil að lokum þakka öllum félagsmönnum fyrir gott samstarf á árinu og þá vil ég þakka sérstaklega þeim fjölmörgu félagsmönnum sem starfað hafa í nefndum félagsins, eða sinnt öðrum verkefnum fyrir það, á starfsárinu.

Vil ég því næst færa meðstjórnarmönnum mínum góðar þakkir fyrir frábært samstarf á árinu, en þau hafa að mínu mati verið öflug í samstarfi og lagt mikið að mörkum við starfið í félaginu okkar. Það hefur verið mér sannur heiður að vinna með þessu ágæta fólki sem setið hefur í stjórninni.

Ég ætla að nota tækifærið að endingu til að færa sérstakar þakkir til Arnars Márs Gíslasonar, gjaldkera félagsins til margra ára, en hann hefur ákveðið að kveðja stjórnina í bili og biðjast undan endurkjöri, en aðrir stjórnarmenn munu gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Sjálfur hafði ég ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram sem formaður félagsins, en þar sem uppstillingarnefnd hafði engin önnur úrræði en að telja mér trú um að ég yrði að gefa kost á mér eitt ár í viðbót þá verður bara svo að vera. Mér er illa við að svíkja það loforð sem ég gaf ykkur í fyrra um að ég myndi hætta – og yfirleitt vil ég bara aldrei svíkja gefin loforð! Félagið er þó tekið fram yfir stoltið í þetta sinn, en ég treysti því að á næsta aðalfundi verði framboðið meira en nú.”

Stefán Logi Haraldsson, formaður.

## 2. Reikningar félagsins

Gjaldkeri félagsins, Arnar Már Gíslason fór yfir fyrirliggjandi ársreikning og skýrði hann.

Tekjur ársins 5.972.552.- Gjöld ársins 4.505.626.- Afkoma félagsins því jákvæð um 1.466.926.-

Eignir félagsins 33.705.112.- Skuldir 211.767.- Eigið fé er því 33.493.345.-

Gjaldkeri lagði einnig fram fjárhagsáætlun fyrir komandi ár til kynningar.

## 3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Ámundi Sigurðsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir frábært starf á árinu. Skýrði hann út tap fjórðungsmótsins og ræddi síðan framkvæmdir og innkaup í félagsheimilið. Helgi Helgason tók til máls. Þakkaði hann stjórn fyrir starfið á árinu. Bar hann upp nokkrar spurningar vegna reikninga. Spurði út í ráðstöfun rafmagnssjóðs til framkvæmda og eins út í land utan beitarsamnings. Eins spurði hann út í dómarakostnað – hvar hann kæmi fram.

Formaður fór yfir þær spurningar sem að honum beindust. Óheppilegt hversu langan tíma tók að gera upp FM 2013 en mikið var reynt að minnka kostnaðinn og þ.a.l. tapið. Varðandi aðkomu rafmagnssjóðinn þá telur stjórn að Skuggi hafi yfir þessum sjóði að ráða og vandséð hverjir aðrir geti gert tilkall til hans enda hefur verið gerð grein fyrir þeim á öllum aðalfundum félagsins. Varðandi beitarsamninginn þá eru tilgreind svæði í samningnum sem óvíst er hverjir ráða yfir og hafa því ekki verið til afnota fyrir félagið.

Kristján Gíslason fór yfir hvað skipulagslýsing skotsvæðis þýddi skv. skipulagslögum. Skotæfingasvæðið á eftir að fara í gegn um mikið ferli áður en endanleg ákvörðun er tekin. Marteinn Valdimarsson þakkaði stjórn gott starf. Ræddi síðan skoðun á rafmagnssjóðnum sem er að hesthúseigendur eigi hann og skuli því nýta hann til að gera hestamönnum til góða s.s. með því að lýsa upp reiðvegina hér í hverfinu. Fór því næst yfir það sem áætlað er að gera í lýsingarmálum og ber þar hæst að gera upplýsta leið að Faxaborg. Þykir honum nokkuð skorta á upplýsingar frá Selási ehf. og Vindási ehf. Halldór Sigurðsson fór yfir það að rafmagnssjóður væri eign hesthúseigenda. Taldi að vel ætti að hugsa um ráðstöfun fjárens. Guðmundur Skúli hvatti til þess að lagalega hliðin á rafmagnssjóði væri skoðuð vel. Ámundi taldi fyrirhugaða



ráðstöðun rafmagnspeninga af hinu góða og minnti á að rafmagnssjóðurinn væri einnig að hluta til tilkominn með greiðslu sveitafélagsins á götulýsingu og eins með mikilli sjálfböðavinnu nefndarmanna.

Reikningar félagsins fyrir starfsárið voru því næst bornir undir atkvæði fundarins og þeir samþykktir samhljóða.

#### 4. Skýrslur nefnda

**Rafmagnsnefnd:** Guðmundur Arason fór yfir málefni rafmagnsnefndar á árinu. Hagnaður rafmagnsnefndar 259.612. Eign sjóðsins er því 3,9 millj. Sagði svo frá fyrirkomulagi innheimtu sem verður nú þrisvar á ári til þæginda fyrir notendur. Fór hann yfir sögu sjóðsins og tilurð hans.

**Mótanefnd:** Kristján Gíslason form. mótanefndar fór yfir mótahald ársins. KB mótariðin, þrjú mót og síðan íþróttar – og gæðingamót, auk úrtöku sem var sameiginlegt verkefni félaga á Vesturlandi.

**Reiðveganefnd:** Marteinn Valdimarsson fór yfir það sem gert hefur verið á vegum reiðveganefndar á árinu en það var ekki úr miklu að móða þar sem m.a gera varð upp við Gláð vegna ársins á undan.

**Umhverfisnefnd:** Guðmundur Skúli formaður nefndarinnar fór yfir starf nefndarinnar á starfsárinu. Nú þurfa allir hesthúseigendur af hafa yfirbyggðar taðþrær. Ástand gerða er víða orðið verulega ábótavant. Verið er að bæta kerruplanið, þar eiga kerrur að vera. Rúlluplanið er í slæmu ásigkomulagi. Þar má bæta umgengni verulega. Skammbeitarhólf þarf að beita af skynsemi sérstaklega í mikilli vætutíð.

**Húsnefnd félagsheimilis:** Ámundi þakkaði samnefndarfólki sínu í húsnefndinni fyrir góð störf.

**Selás ehf:** Ámundi fór yfir gjaldskrá Faxaborgar og hugmyndir sem uppi eru í rekstri hallarinnar á næsta ári.

**Æskulýðsnefnd:** Stefán Logi minnti á skýrslu æskulýðsnefndar sem á að vera aðgengileg á heimasíðu LH ásamt æskulýðsskýrslum annarra félaga.

**Umræður um skýrslur nefnda:** Stefán Logi fór yfir nokkur atriði sem fram komu í skýrslum nefnda, sérstaklega fór hann yfir málefni rafmagnssjóðs þ.e ráðstöfun fjár til viðhalds félagsheimilis.

Marteinn spurði hvort hægt væri að setja upp hlið í Borgargirðinguna. Verður það tekið til skoðunar.

#### 5. Innganga nýrra félaga og úrsagnir.

Formaður las upp nöfn þeirra sem óskað hafa inngöngu í félagið frá síðasta aðalfundi en þeir eru:

Gabriel Rafn Guðnason Fjólukletti 1 310 Borgarnes  
Guðný Margrét Siguroddsdóttir Eiðhúsum 311 Borgarnes  
Jóhanna Lilja Gautadóttir Stöðulsholti 18 310 Borgarnes  
Lára Sif Jóhannesdóttir Arnarkletti 26 310 Borgarnes  
Rebekka Guðnadóttir Fjólukletti 1 310  
Bjarni Freyr Gunnarsson Borgarbraut 30 310 Borgarnes  
Valborg Elva Bragadóttir Mávakletti 8 310 Borgarnes  
Guðrún Ósk Ámundadóttir Þórunnargötu 1 310 Borgarnes  
Andrea Davíðsdóttir Hvassafelli 1 311 Borgarnes  
Sara Líf Sigurðardóttir Þórðargötu 22 310 Borgarnes  
Sigríður Alda Björnsdóttir Þórólfsötu 11 310 Borgarnes

Formaður las upp nöfn þeirra sem ganga úr félaginu eða falla út vegna vanskila:

Aníta Björk Pálínudóttir Stöðulsholti 6 310 Borgarnes  
Svanhvít Pétursdóttir Borgarbraut 2 310 Borgarnes  
Bergþór Ægir Ríkharðsson Rauðhömrum 5 112 Reykjavík  
Sigvaldi Lárus Guðmundsson Náttþaga 22 551 Sauðárkrúkur  
Sjöfn Hilmarsdóttir Hrafnakletti 6 310 Borgarnes  
Ester Alda Hrafnhildardóttir Mávakletti 8 310 Borgarnes  
Benedikt Línadal Stað 311 Borgarnes  
Sigríður Ævarsdóttir Stað 311 Borgarnes

Inga Lára Bragadóttir Kveldúlfsgötu 10 310 Borgarnes  
Thelma Karen Bjarnfinnsdóttir Berugötu 2 310 Borgarnes  
Steinunn Þorvaldsdóttir Hjarðarholti 311 Borgarnes  
Jón Örn Vilhjálmsson Leirulækjarseli 1 311 Borgarnes  
María Júlía Jónsdóttir Mávakletti 5 310 Borgarnes  
Helga Jóna Björgvinsdóttir Þorsteinsgötu 5 310 Borgarnes  
Sigríður Elín Sigurðardóttir Þorsteinsgötu 5 310 Borgarnes  
Sigurður Þór Runólfsson Þorsteinsgötu 5 310 Borgarnes  
Guðmundína Jóhannsdóttir Kjartansgötu 25 310 Borgarnes  
Guðmundur Eypórsson Böðvarsgötu 10 310 Borgarnes  
Heiðrún Halldórsdóttir Stöðulsholti 2 310 Borgarnes

11 nýir félagar hafa óskað inngöngu í félagið frá síðasta aðalfundi og voru þeir boðnir velkomnir í félagið.  
19 aðilar hafa sagt sig úr félaginu eða verið felldir út af félagaskrá, frá síðasta aðalfundi.

## 6. Kosningar

Formaður fór yfir tillögu uppstillingarnefndar til stjórnar og nefnda.

Form: Stefán Logi Haraldsson, kosinn til eins árs

Meðstjórnendur: Svanhildur Svansdóttir og Sigurbór Óskar Ágústson, kosin til tveggja ára.

Varastjórn: Sigríður Jóna Sigurðardóttir og Erla Rún Rúnarsdóttir, kosnar til tveggja ára.

Fyrir eru í stjórn: Kristján Gíslason og Reynir Magnússon, varastjórn: Birgir Andrésson.

## 7. Félags- og hagagjöld

Gjaldkeri lagði fram svohljóðandi tillögu um árgjald 2015:

Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 4. desember 2014, samþykkir að árgjöld fyrir árið 2015 verði:

Fullorðnir kr. 6.000,- Makagjald kr. 3.000,- Unglingar 13-16 ára kr. 3.000,- Börn 12 ára og yngri frítt

Félagsmenn 67 ára og eldri eru gjaldfríir frá árslokum þess árs sem þeir ná þeim aldri.

**Greinargerð:** Innheimta árgjalda hefur gengið vel og telur stjórnin ekki ástæðu til að hækka árgjaldið að þessu sinni.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

Gjaldkeri lagði fram svohljóðandi tillögu um beitargjöld 2015:

Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 4. desember 2014, samþykkir að hagagjöld fyrir árið 2015 verði:

Sumarheit kr. 2.500,- fyrir hestinn

Haustbeit kr. 2.000,- fyrir hestinn

Heilsársbeit kr. 4.000,- fyrir hestinn

### **Greinargerð:**

Áfram er þó gert ráð fyrir að við nýjar girðingar útvegi félagið efni og uppsetningu, en leigutakar sjái sjálfir um endurbætur og viðhald á sínum girðingum. Einnig skulu leigutakar sjá um áburðargjöf í úthlutuðum hólfum.

Tillaga stjórnar samþykkt samhljóða.

#### **8. Önnur mál**

- a. Steinunn Árnadóttir fagnaði því að fram hafi komið að félagið standi fyrir viðgerðum á rafstrengjum ef bilanir verða, ef ekki verður til í rafmagnssjóði. Ennfremur ræddi hún um öryggi hérna á svæðinu s.s. rimlahlið við aðalveg og eins hvort hægt væri að auka áróður um sýnileika hrossa og manna, þegar dimmt væri á svæðinu.
- b. Helgi Helgason ræddi um nauðsyn þess að huga að geymslu í félagsheimilinu í komandi framkvæmdum. Eins hvatti hann til þess að fljótt væri farið að huga að Íslandsmóti yngri flokka, sem halda á hér í Borgarnesi 2016 og snyrtingu svæðis vegna þess.
- c. Ámundi spurði um aðkeyrslu að svæðinu, hvort til standi að færa hana og auka þannig öryggi á svæðinu. Stefán Logi fór yfir stöðu þessara mála er varða öryggi og aðkomu að svæðinu. Er búið að funda með sveitarstjóra um þessi mál.
- d. Ingi Tryggvason sagði það sína skoðun að tvær sýningar á Vesturlandssýningu séu ekki heppilegt fyrirkomulag af ýmsum ástæðum.

#### **9. Fundarslit**

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fundarsetu og gaf nýendurkjörnum formanni orðið. Hann þakkaði traustið sem sér væri sýnt og öðrum stjórnarmönnum. Þakkaði fráfarandi gjaldkera góð störf undanfarin ár og samvinnu liðinna ára. Fundargerðin mun birtast á vefnum þegar vinnu við hana verður lokið og gerðu fundarmenn ekki athugasemdir við það verklag. Formaður sleit síðan fundi kl. 22:50.

Fundarritari: Kristján Þ. Gíslason

Fundarstjóri: Ingi Tryggvason